



ORKUSTOFNUN

Verndun vatnsbóla Selfoss gegn jarðraski í Ingólfssfjalli

Guttormur Sigbjarnarson, Freysteinn Sigurðsson

Greinargerð GS-FS-88-01

VERNDUN VATNSBÓLA SELFOSS GEGN JARÐRASKI Í INGÓLFSFJALLI

Samkvæmt beiðni bæjarstjóra Selfosskaupstaðar fóru Davíð Egilson frá Náttúruverndarráði og Guttormur Sigbjarnarson frá Orkustofnun föstudaginn 2. desember til Selfoss til fundar við forráðamenn vatnsveitunnar þar og til vettvangskönnunar á vatnsbólasvæðinu undir Ingólfssjalli. Tildög þessa eru áform, sem eru á döfínni, um efnisnám og vinnslustöð við Ingólfssjall í næsta nágrenni vatnsbólanna, og óskaði Selfosskaupstaður umsagnar þessara stofnana um hugsanlegar afleiðingar slíkrar starfsemi. Niðurstöður þessarar skoðunarferðar, fyrri rannsókna og umræðum um þær eru, að hvers konar jarðrask vegna mannvirkjagerðar og efnisvinnslu í hlíðum Ingólfssjalls á vatnsviðum vatnsbólanna, virkjaðra sem óvirkjaðra, eru ósamrýmanleg neysluvatnsöfluninni. Hér á eftir verður vikið að þýðingarmestu atriðunum í sambandi við vatnsverndunina.

Sérfræðingar Orkustofnunar hafa verið vatnsveitu Selfoss til ráðgjafar í vatnsöflunarmálum í að minnsta kosti síðastliðna tvo áratugi. Megin niðurstöður þessara fjölmörgu athugana eru dregnar saman í greinargerð Freysteins Sigurðssonar: "Um vatnsöflun fyrir Selfoss. FS-88/06", er hann tók saman í júní síðastliðnum, þar sem hann gerir einnig áætlanir um framhald rannsókna. Fljóttlega fór að bera á hagsmunárekstrum á milli vatnsnámsins og jarðefnavinnslu, eftir að vatnsveita Selfoss hóf að nýta núverandi aðalvatnsból. Árið 1976 tók Orkustofnun saman álitsgerð um nauðsynlegar verndunaraðgerðir vegna þess með greinargerðinni "Verndunaraðgerðir vegna vatnsbóls Selfoss, OSJKD 7611", eftir Guttorm Sigbjarnarson, þar sem afmörkuð eru ákveðin verndarsvæði. Síðari rannsóknir hafa staðfest þetta álit.

Að núverandi mati sérfræðinga Orkustofnunar er verndarþörfin vegna aðalvatnsbólsins síst ofmetin í þeirri greinargerð, þar sem allar megin forsendur hennar standa óbreyttar, þrátt fyrir mun nánari rannsóknir. Lindasvæðin undir Ingólfssjalli sækja vatn sitt í lek jarðlög þess, en sprungur og misgengi hafa veruleg áhrif á rennslisleiðir vatnsins í berginu. Í skriðufótum fjallsins rennur vatnið úr berginu inn í malar- og aurkeilur, sem teygja sig undir og út í mýrina neðan skriðurótanna, þar sem það sprettur upp sem lindir mislangt frá fjallinu. Vatnið í malar- og aurkeilunum er þó ekki aðeins upprunnið frá lekum berglögum, heldur safnast stöðugt í þær úrkomu- og leysingavatn frá skriðunum og fjallhlíðunum og blandast saman við það fyrrnefnda. Hvers konar jarðrask í skriðuhlíðunum veldur því mengnun á vatninu og hafa fundist greinileg dæmi um það við núverandi brunngerð. Gott lindasvæði liggur sunnan undir núverandi efnisnámu. Það verður ekki nýtt sem neysluvatn á meðan efnistaka fer þar fram. Rétt er að taka það fram hér, að núverandi efnistaka hefur færst það mikið til austurs, að hún er komin inn á áætlað verndarsvæði árið 1976 og má því alls ekki fara lengra í þá áttina.


Vatnsvinnslan hefur aukist verulega og vatnsvinnsluslusvæðið stækkað að miklum mun frá því að tillögurnar um verndunaraðgerðir voru unnar árið 1976. Nú hefur verið tekið í notkun aftur eldra vatnsból við gamla veginn, þar sem hann kemur upp að suðurhlíðum Ingólfssjalls og unnið er að virkjun lindasvæðis enn lengra austur með því, þar sem elsta vatnsveita Selfoss var. Selfosskaupstaður hefur enn fremur tryggt sér vatnsvinnsluréttinn í lindasvæðunum við Fjallstún, austast með fjallinu. Þessi stækkun á vatnsvinnsluslusvæðinu hefur það í för með sér, að þörfin fyrir stækken verndarsvæðisins frá 1976 vex að sama skapi. Vatnsbólin liggja það

þétt undir suðurhlíðum Ingólfssjalls, að nauðsynlegt er að alfriða hlíðarnar fyrir jarðraski, allt frá verndarsvæði aðalvatnsbólsins og austur fyrir fjallið og norður hjá Tannastöðum.

Þessar friðunaraðgerðir vegna vatnsvinnslunnar þrengja vissulega mikið að óheftri jarðefnavinnslu, en slíkt er oft nauðsynlegt. Skal því hér bent á þýðingu svæðaskipulags, sem grundvallað er á ítarlegri vatnafars- og jarðefnakortlagningu á stærri svæðum, fyrir byggðarlög í örri þróun. Með slíku svæðaskipulagi á að vera unnt að tryggja vatnsvinnslu og jarðefnanámi sem hagkvæmestar lausnir.



Guttormur Sigbjarnarson,
deildarstjóri



Freysteinn Sigurðsson,
deildarstjóri